



Upplýsingastefna Símans hf.

Markmið

Markmið upplýsingastefnu Símans hf. (hér eftir „Síminn“), er að veita hagsmunaaðilum, á jafnræðisgrundvelli, nákvæmar og áreiðanlegar upplýsingar sem máli skipta um starfsemi félagsins, sem skráð félag á skipulegum verðbréfamarkaði, í Kauphöll - Nasdaq Iceland.

Síminn vill tryggja að hagsmunaaðilar á hverjum tíma hafi aðgang að nýjustu upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að geta tekið afstöðu til Símans sem útgefanda þeirra fjármálagerna Símans sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Upplýsingastefna þessi tekur mið af reglum Kauphallar - Nasdaq Iceland fyrir útgefendur hlutabréfa (Nordic Main Market Rulebook for Issuers of Shares).

Hagsmunaaðilar

Helstu hagsmunaaðilar sem upplýsingastefna Símans tekur til eru hluthafar, fjárfestar, greiningaraðilar, matsfyrirtæki, Kauphöll - Nasdaq Iceland, fjölmiðlar, lánveitendur og viðskiptavinir.

Framkvæmd upplýsingamiðlunar

Upplýsingamiðlun Símans fylgir þeim lögum og reglum sem gilda fyrir útgefendur fjármálagerna á skipulegum verðbréfamarkaði.

Símanum ber að birta opinberlega upplýsingar eins og mælt er fyrir um í lögum um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 og reglum sem settar eru með stoð í lögnum.

I. Tilkynningar

Tilkynningar um uppgjör félagsins, niðurstöður matsfyrirtækja eða annað sem talið er geta haft umtalsverð áhrif á rekstur, afkomu eða efnahag félagsins er birt í fréttaveitu Kauphallar – Nasdaq Iceland. Samhliða birtingu í fréttaveitu eru upplýsingarnar birtar á fjárfestavef Símans, www.siminn.is/fjarfestar.

Síminn stefnir að því að birta fréttir af starfsemi félagsins, sem fellur ekki undir upplýsingaskyldu þess, á vefsvæði sínu og eftir atvikum senda fréttatilkynningar þess efnis til fjölmiðla.

II. Kynningar

Í kjölfar birtingar árshlutauppgjöra mun Síminn halda kynningarfundum fyrir hagsmunaaðila. Á kynningarfundum um ársuppgjör er afkomuspá félagsins kynnt.

III. Þagnartímabil

Síminn mun að meginstefnu ekki veita upplýsingar um málefni sem hafa áhrif á rekstur, afkomu eða efnahag félagsins frá lokum hvers uppgjörstímabils og fram að birtingu uppgjörs.

IV. Samskipti



Markmið Símans er að eiga góð samskipti við alla hagsmunaðila. Í þeim tilgangi leitast félagið við að veita þeim aðstoð við umfjöllun um félagið innan þess ramma sem lög og reglur heimila.

Síminn mun að meginstefnu ekki tjá sig um sveiflur í verði hluta og viðskiptamagni. Sama á við um orðróm og getgátur á markaði.

V. Talsmaður

Stjórnarformaður, forstjóri, fjármálastjóri og fjárfestatengill Símans hafa heimild til þess að tjá sig um starfsemi félagsins gagnvart fjárfestum. Forstjóri getur veitt öðrum starfsmönnum eða ráðgjöfum tímabundna heimild til þess að tjá sig um afmarkaða þætti starfseminnar.

Samþykkt af stjórn Símans hf. 18. febrúar 2025